

264. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 31. ágúst 2009, kl.7.30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Ómar Stefánsson, Páll Hilmarsson, Guðfinna Guðmundsdóttir, Þór Sigurgeirsson og Margrét Jónsdóttir.

Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P.Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

Stjórnarformaður kynnti að 30.júní 2009 hefði verið kosinn nýr varamaður Kópavogsbæjar, Gunnsteinn Sigurðsson í stjórn SORPU bs..

Tekið fyrir:

1. 6 mánaða uppgjör SORPU bs.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir 6 mánaða árshlutauppgjör. Stjórnin ræðir uppgjórið. Stjórn samþykkir árshlutauppgjórið samhljóða og undirritar. Framkvæmdastjóri kynnir samanburð rekstrar og áætlunar janúar-júní 2009.

2. Lyktarmál í Álfsnesi.

Lagt fram og kynnt minnisblað yfirverkfræðings dagsett 26. ágúst 2009 varðandi lyktarverkefnið í Álfsnesi og nágrenni. Yfirlit aðgerða og áfallinn kostnaður. Málið rætt.

3. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs - skipan í samráðsnefnd.

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað dags. 26. ágúst 2009 vegna áætlaðs kostnaðar við vinnu samráðsnefndar. Stjórn samþykkir að fulltrúar SORPU í samráðsnefnd svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs skulu vera Herdís Sigurjónsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

4. Forsendur rekstraráætlunar 2010.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að forsendum rekstraráætlunar 2010 og drög að forsendum 3ja ára áætlunar. Málið rætt.

5. Niðurstöður lokaðs úrboðs vegna vinnu í móttökustöð.

Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður útboðs nr. 0709 vegna flutnings á úrgangi og tréflís ásamt vélavinnu í móttökustöð SORPU.

Flutningur á úrgangi og tréflís ásamt vélavinnu í móttökustöð SORPU

Niðurstöður útbóðs nr. 0709 Greinargerð

Tilboð vegna útbóðs nr. 0709 voru opnuð 19. ágúst síðastliðinn. Fimm þátttakendur höfðu verið valdir í forvali til að taka þátt í lokuðu útbóði og skiluðu þeir allir inn tilboði. Tilboðin eru sýnd í hjálagðri töflu ásamt kostnaðaráætlun.

nr.	Bjóðandi	Tilboðsupphæð kr. með vsk.	Hlutfall %
1	ET ehf.	1.456.537.675	113,67
2	ÍAV	1.280.902.500	99,96
3	GT verktakar ehf.	1.077.209.183	84,07
4	Sólhús ehf.	1.513.840.266	118,14
5	Hilmar D. Ólafsson ehf.	1.133.302.570	88,45
6	Kostnaðaráætlun	1.281.362.396	100,00

Tilboðin hafa verið yfirfarin. Tilboð nr. 3 er lægst og nemur 84,07% af kostnaðaráætlun. Dreifing tilboða er fremur lítil og eru tvö tilboð nokkuð undir og tvö tilboð nokkuð yfir kostnaðaráætlun. Eitt tilboð er nánast jafnt kostnaðaráætlun.

Stjórn samþykkir að gengið skuli að tilboði lægstbjóðanda GT verktaka ehf.

6. Ábyrgðargjald á urðunarstað vegna lagaákvæða.

Umræðum frá fundi 29. júní 2009 haldið áfram.

Stjórn samþykkir að til að mæta ákvæðum laga um ábyrgðargjald á urðunarstað skuli leggja 0.05 kr. á kg án virðisaukaskatts á hvert kíló urðað í Álfsnesi. Skal þetta gjald taka gildi frá og með 1. október 2009.

7. Sviðsmynd og stefnumótun – niðurstöður vinnufundar stjórnar.

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt frá Netspori af framtíðarfundi stjórnar fyrr í sumar. Málinu frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál.

- Lögð fram fundaráætlun stjórnar til áramóta.
- Upplýst að aðalfundur SSH og byggðasamlaga verði haldinn 6. nóvember 2009.
- Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað dagsett 7. júlí 2009 vegna gjaldskrár.
Stjórnarmönnum var sent minnisblað í júlí 2009 á tölvupósti.
- Kynnt ráðstefna, þar sem Metan hf. er þátttakandi, á Hótel Nordica, 14. og 15. september undir yfirskriftinni „Driving Sustainability“. Í tengslum við ráðstefnuna verður haldinn kynning á vegum Metan hf. fyrir sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu.

- e) Kynnt ráðstefna á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um úrgangsmál sem haldin verður 21. október 2009.
- f) Kynnt styrkveiting Góða hirðisins sem fram fer föstudaginn 4. september 2009.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Herdís Sigurjónsdóttir

Ómar Stefánsson

Guðfinna Guðmundsdóttir

Margrét Jónsdóttir.

Bjarni G.P. Hjarðar

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Páll Hilmarsson

Þór Sigurgeirsson

Björn H. Halldórsson